

# Lirfan

Lirfan hjálpar nemendum að þróa keðju hugsanlegra afleiðinga sem aðgerð, aðstæður eða samskipti geta skapað.

Til viðbótar við þessa meginreglu styður verkefnið meginreglurnar "Nám með samræðum og samskiptum" og "Nám með ígrundun og mati."

## Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta rannsakað (ó)fyrirséðar, (ó)væntar afleiðingar tiltekinna aðstæðna, samhengis eða tilvitnana.
- Geta sýnt skilning aðstæðum, athöfnum, tilvitnunum ... hafa mismunandi (ó)fyrirséðar, (ó)væntar afleiðingar.
- Geta borið saman afleiðingar.
- Geta fært rök fyrir því að afleiðingar séu jákvæðar eða neikvæðar.

## Tímasetning

Hversu langan tíma þetta verkefni tekur fer eftir mörgum ólíkum þáttum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefni. Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í þetta verkefni eru 20 mínútur.

## Efni

Vinnublað 'Lirfan' (+ vefslóð)

## Undirbúningur

Þú getur unnið verkefnið í kennslustofu eða í gegnum blandað nám. Búðu til lirfuna með bekknum í fyrsta skiptið svo að nemendur kynnist aðferðinni.

## Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

### 1 Innlögn

Kynntu aðstæður, tilvitnun, staðreynd, reynslu ... sem tengist samfélagslegri áskorun. Þetta getur verið „raunveruleg“ staða eða ímynduð. Ræddu innihaldið stuttlega. Útskýrðu fyrir nemendum að þið gerið saman fyrirspurn.

### 2 Kannaðu fyrstu afleiðingar

Skrifaðu aðstæðurnar/áskorunina (A) sem þú ætlar að kanna í stuttu máli á töflu eða flettistöflu. Teiknaðu hring - höfuð lirfunnar - utan um textann.

Hvað gæti gerst ef A ...?

Leyfðu nemendum að svara og velja eina af afleiðingunum. Ef A gerist, þá B .... Teiknaðu hring við hlið höfuðsins. Skrifaðu þessa fyrstu afleiðingu (B) í hringinn við hlið höfuðsins. Endurtaktu þetta hugsunarferli nokkrum sinnum.

Hvað gæti gerst ef B ...? Hver er afleiðing B?

## Verkefni – Hugsun

Spyrðu nemendur hvers vegna eitthvað getur talist afleiðing: biðjið nemendur um að útskýra eða færa rök fyrir því. Biddu aðra nemendur að taka þátt í umræðunni.

Hver hugsar eins? Hver getur útskýrt þetta?


Keðja afleiðinga birtist í formi lírfunnar

### Ábending


Með því að nota orðið „afleiðingar“ eða láta nemendur endurtaka setninguna „ef... þá“... gera nemendurnir rökhugsun sína og þar með hugsunarferli skýrt. Þetta ferli styður einnig uppbyggingu hugrænnar færni.

### Tökum dæmi:

Áskorun sem nemendur eru að ræða



**Tökum dæmi:** Börn eru skilin útundan í hádegismat




## 3 Að kljúfa lírfuna

Skoðaðu afleiðingakeðjuna. Íhugaðu fyrstu aðgerðina eða tilvitnunina. *Geturðu hugsað þér aðra möguleika? Hvað annað gæti gerst ef A ...?*

Teiknaðu auka hringi ef getið er um mismunandi afleiðingar einnar aðgerðar/aðstæðna. Þannig þróast og vex lírfan.

Í framhaldi geturðu beðið nemendurna að skoða hvað hægt sé að gera í þessari stöðu. Mögulega segir einn nemandi: Búum til vinakerfi fyrir „hádegismat“

**Dæmi**



**Ábending**

Ef nemendur hugsa um margar nýjar afleiðingar er hægt að búa til nýja lirfu og bera saman afleiðingar tveggja eða fleiri lirfa.

Leyfðu nemendum að teikna og þróa sína eigin lirfu á stafrænu borði eða á blaði. Ræðið síðan saman um mismunandi afleiðingar og hugmyndir. Berið saman lokaafleiðingar: Hvað gerist á endanum ef ... samkvæmt nemanda 1, nemanda 2 ...?

**4 Fyrirspurn**

Flettið í gegnum mismunandi „líkama lirfunnar“ og skoðið afleiðingakeðjurnar.

Hvaða afleiðingu telur þú jákvæða/neikvæða? Hvers vegna?  
Litaðu afleiðingarnar grænar (jákvæðar) eða rauðar (neikvæðar).

Ertu sammála þessu? Eru mismunandi sjónarmið? Útskýra.  
Eru afleiðingar sem þú bjóst ekki við? Hvers vegna eru þessar afleiðingar (ó)væntar?  
Eru einhverjar óviljandi afleiðingar? Útskýra. Hugsar einhver öðruvísi um þessa áskorun/aðstæður/atburð?  
Myndir þú breyta sjónarmiði þínu gagnvart þessum atburði/aðgerð/aðstæðum (í hausnum) þegar þú horfir á allar þessar afleiðingar? Hvers vegna? Á hvaða tímapunkti í þessari atburðarás/afleiðingum gætir þú/við gripið inn í og breytt atburðarrásinni?

**Dæmi**



## Verkefni – Hugsun

### 5 Ígrundun

Hvað lærðir þú af þessari hugsunaræfingu?

Er gagnlegt að rannsaka afleiðingar? Af hverju (ekki)? Hvað gerir það gagnlegt?  
Fyrir hvaða önnur málefni myndir þú beita þessari hugsunaræfingu?

Frekari upplýsingar um mat og ígrundun má finna í námsþætti „[Að læra í gegnum ígrundun og mat](#)“

### 6 Fáðu fjölskylduna með!

Biddu nemendur þína um að teikna og fylla út lírfu og hugsa um aðstæður sem þeir upplifa heima. Þjóddu þeim að gera þetta ásamt fjölskyldunni.

Til dæmis: Hvað ef ég skrúfa fyrir kranann á meðan ég bursta tennurnar? Ef ég skrúfa fyrir kranann á meðan ég bursta tennurnar, þá...

Hvað ef ég leyfi bróður mínum að leika sér með leikföngin mín? Ef ég leyfi bróður mínum að leika sér með leikföngin mín, þá...

Finndu út hvernig á að kanna fleiri orsakir og afleiðingar með því að nota **vandamálatréð** í námsþættinum 'Að læra í gegnum skipulagða ferla'.